

Afkvæmarannsóknir á nautum Nautastöðvar BÍ, sem fædd voru árið 2013

Guðmundur Jóhannesson

Nú er lokið afkvæmaprófun nauta Nautastöðvar BÍ, sem fædd voru árið 2013. Hér verður gefið yfirlit um nokkrar niðurstöður varðandi dætur þessara nauta og gerð grein fyrir öðrum niðurstöðum sem þegar liggja fyrir. Alls voru afkvæmarannsókuð 25 naut í árgangi 2012. Tíu naut áttu syni í þessum árgangi. Birtingur 05043 og Koli 06003 áttu fjóra syni hvor, Baldi 06010, Kambur 06022, Hjarði 06029 og Víðkunnur 06034 áttu þrjá syni hver, Vindill 05028 átti tvo syni og Máni 03025, Ári 04043 og Baugur 05026 áttu hver sinn soninn. Einkenni þessa nautaárgangs er breytileiki í flestum eiginleikum en þó verða mjólkurlagni, efnahlutföll, júgurhreysti og spenagerð að teljast koma vel út í heildina en mjaltir einna síst. Frá þessu eru þó nokkur frávik eins og oft vill vera.

Hér fylgja umsagnir um helstu einkenni dætrahópa nautanna:

Klaki 13003 frá Dæli í Fnjóskadal.

F: Koli 06003, m: Rán 476, mf: Hryggur 05008

Dætur Klaka eru stórar og mjólkurlagnar kýr. Efnahlutföll í mjólk eru góð. Þetta eru háfættar, í meðallagi boldjúpar og útlögumiklar kýr með fremur beina yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar og vel gerðar. Fótstaða er góð, bein, sterkleg og gleið. Júgurgerðin er góð, festa í meðallagi, júgurband greinilegt og júgrin vel borin. Spenar eru vel gerðir, grannir og fremur vel settir. Mjaltir eru afleitar og töluvert af kúnum mjólkast seint. Skap þessara kúa er gott. Meirihluti afkvæma Klaka er einlitur og ber mest á rauðum og bröndóttum litum þó allir grunnlitir komi fyrir. Af tvílitum er huppóttur algengastur. Undan Klaka geta komið hyrndir gripir.

Klaki verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Korgur 13008 frá Ytri-Tungu 1A á Tjörnesi.

F: Koli 06003, m: Snotra 308, mf: Flói 02029

Dætur Korgs eru í góðu meðallagi mjólkurlagnar með mjög hátt fituhlutfall í mjólk og próteinhlutfall vel yfir meðallagi. Þetta eru nokkuð stórar og háfættar kýr, hvorki boldjúpar né útlögumiklar en yfirlínan er sterk. Malir eru grannar, hallandi og þaklaga. Fótstaða sterkleg og nokkuð gleið. Júgurgerð er ábótavant, júgurfesta er lítil og þau illa borin þó júgurband sé sterkt og greinilegt. Spenar eru stuttir, frekar grannir og mjög vel settir. Dætur Korgs eru undir meðallagi í mjóltum en mjaltagallar eru lítt áberandi. Skapið er fremur mikið en gæðaröðun yfir meðallagi þrátt fyrir það. Mikill meirihluti afkvæma Korgs eru einlit þar sem kolóttir og svartir litir eru algengasti þó allir grunnlitir nema gráir komi fyrir. Af tvílitum er huppóttur algengastur. Undan Korgi geta komið hyrndir gripir.

Korgur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Kakali 13009 frá Engihlíð í Vopnafirði.

F: Birtingur 05043, m: Þrenning 466, mf: Skurður 02012

Dætur Kakala eru miklar mjólkurkýr með góð efnahlutföll í mjólk. Þetta eru tæplega meðalkýr að stærð, ágætlega háfættar, fremur bolgrunnar og útlögulitlar með nokkuð beina yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, beinar og þaklaga. Fótstaða er bein og sterk. Júgurgerðin er mjög góð, með mikla festu, nokkuð greinilegt júgurband og mjög vel borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilegir að lengd og þykkt og mjög vel settir. Mjaltir eru í meðallagi, lítið um galla í mjóltum en skapið er í tæpu meðallagi.

Þessar kýr koma vel út í gæðaröð. Um helmingur afkvæma Kakala er einlitur þar sem mest ber á rauðum og bröndóttum litum þó allir grunnlitir nema gráir komi fyrir. Af tvílutum koma huppóttur og skjöldóttur oftast fyrir sjónir. Undan Kakala geta komið hyrndir gripir.

Kakali verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Jörfi 13011 frá Jörfa í Borgarbyggð.

F: Birtingur 05043, m: Gústa 643, mf: Skurður 02012

Dætur Jörfa eru fremur mjólkurlagnar með há efnahlutföll í mjólk. Þetta eru meðalstórar og háfættar kýr, bolgrunnar, ekki útlögumiklar en yfirlína er bein. Malirnar eru fremur grannar, beinar og nokkuð flatar. Fótstaða er nokkuð bein og gleið. Júgurgerðin er frábær, geysimikil festa, áberandi júgurband og júgrin einstaklega vel borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilegir að lengd og þykkt og mjög vel settir. Mjaltir þessara kúa eru í góðu meðallagi og gallar í mjöltum fátíðir. Skapið er um meðallag. Mikill meirihluti afkvæma Jörfa er tvílitur og er skjöldóttur algengastur. Af grunnlitum eru rauðir og bröndóttir litir mest áberandi en allir grunnlitir nema gráir koma fyrir. Ekki er þekkt að Jörfi gefi hyrnd afkvæmi.

Jörfi verður tekinn til framhaldsnotkunar sem nauksfaðir.

Víkingur 13017 frá Syðri-Knarrartungu í Breiðuvík, Snæf.

F: Birtingur 05043, m: Duna 390, mf: Ingjaldur 04011

Dætur Víkings eru mjólkurlagnar, fituhlutfall er lágt en próteinhlutfall hátt. Þetta eru stórar og háfættar kýr, fremur bolgrunnar með meðalútlögur og mjög beina og sterklega yfirlínu. Malirnar eru fremur grannar, beinar og fremur flatar. Fótstaða er bein og gleið. Júgurgerðin er góð, góð júgurfesta festa, júgurband nokkuð áberandi og júgrin prýðilega borin. Spenar eru heldur langir en hæfilega þykkir og eilítið gleitt settir. Mjaltir þessara kúa eru um meðallag og gallar í mjöltum fátíðir. Skapið er gott. Rúmlega þriðjungur afkvæma Víkings er einlitur og af grunnlitum eru kolóttir litir algengastir þó allir nema gráir komi fyrir. Af tvílutum ber mest á huppóttum og skjöldóttum. Undan Víkingi geta komið hyrndir gripir.

Víkingur verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Flóki 13020 frá Stóra-Ármóti í Flóa.

F: Ári 04043, m: Flækja 1144, mf: Skurður 02012

Dætur Flóka eru mjólkurlagnar en efnahlutföll í mjólk eru nokkuð undir meðallagi. Þetta eru háfættar meðalkýr að stærð, boldjúpar og útlögulitlar með nokkuð beina yfirlínu. Malirnar eru fremur grannar, aðeins hallandi og þaklaga. Fótstaða er bein og sterkleg. Júgurgerð er meðalgóð, festa og júgurband í góðu meðallagi en júgurdýpt fullmikil. Spenar eru nokkuð grófgerðir, aðeins langir og þykkir en mjög vel settir. Mjaltir eru undir meðallagi og aðeins ber á seinum mjöltum. Skap þessara kúa er í meðallagi en þær eru undir meðaltali í gæðaröðun. Um helmingur afkvæma Flóka er einlitur þar sem mest ber á kolóttum litum þó allir grunnlitir komi fyrir. Af tvílutum ber mest á huppóttum. Undan Flóka geta komið hyrndir gripir.

Flóki verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Hálfmáni 13022 frá Brjánsstöðum í Grímsnesi.

F: Vindill 05028, m: Gríma 468, mf: Laski 00010

Dætur Hálfmána eru mjög mjólkurlagnar og efnahlutföll í mjólk eru mjög há. Þetta eru meðalstórar og háfættar kýr, bolgrunnar og útlögulitlar með aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru fremur grannar, beinar og aðeins þaklaga. Fótstaða er bein en frekar þröng. Júgurgerðin er meðalgóð, festa um meðallag en júgurband ekki mjög áberandi og júgrin prýðilega borin. Spenar eru vel gerðir, frekar stuttir, hæfilega þykkir og ágætlega settir. Mjaltir þessara kúa eru góðar og gallar í mjöltum fátíðir. Skapið er mjög gott. Rúmlega þriðjungur afkvæma Hálfmána er einlitur og eru rauðir litir algengastir grunnlita þó allir nema gráir komi fyrir. Af tvílutum eru huppóttur og skjöldóttur algengastir. Ekki er þekkt að Hálfmáni gefi hyrnd afkvæmi.

Hálfmáni verður tekinn til framhaldsnotkunar sem nauksfaðir.

Bárður 13027 frá Villingadal í Eyjafirði.

F: Baldi 06010, m: Klaufa 248, mf: Laski 00010

Dætur Bárðar eru mjólkurlagnar og efnahlutföll í mjólk eru há. Þetta eru stórar og mjög háfættar kýr með mikla boldýpt og útlögur en eilítið veika yfirlínu. Malirnar eru breiðar, beinar og flatar. Fótstaða er bein og sterkleg. Júgurgerð er úrvalsgóð, júgurfasta og júgrin vel borin þó júgurband sé ekki mjög áberandi. Spenar eru vel gerðir, hæfilegir að lengd og þykkir og mjög vel settir. Mjaltir eru í góðu meðallagi og lítið um galla í mjöltum. Skap þessara kúa er úrvalsgott og skapgallar óþekktir enda koma þær vel út í gæðaröðun. Meirihluti afkvæma Bárðar eru tvílit og koma huppóttur og skjöldóttur oftast fyrir. Af grunnlitum bregður rauðum litum oftast fyrir fyrir þó alla liti nema gráa megi sjá. Ekki er þekkt að Bárður gefi hyrnd afkvæmi.

Bárður verður tekinn til framhaldsnotkunar sem nauksfaðir.

Gimsteinn 13028 frá Stóru-Tjörnum í Ljósavatnsskarði.

F: Vindill 05028, m: Hátíð 405, mf: Flói 02029

Dætur Gimsteins eru miklir afurðagripir, mjólkurlagni er mikil og efnahlutföll í mjólk eru há. Þetta eru fremur stórar kýr og nokkuð háfættar. Boldýpt og útlögur eru í meðallagi en yfirlínan er aðeins veik. Malir eru meðalbreiðar, mjög hallandi og þaklaga. Fótstaðan er hokin og þröng. Júgurgerð er góð, allgóð júgurfasta, júgurband er áberandi en júgrin meðalvel borin. Spenagerð er góð, þeir fremur stuttir og aðeins grannir en ákaflega vel settir. Mjaltir eru nærri meðallagi og lítið ber á mjaltagöllum. Skapið er nokkuð mikið og aðeins um skapgallaða gripi. Í gæðaröðun liggja dætur Gimsteins undir meðallagi. Meira en helmingur afkvæmanna er tvílitur og algengast er að sjá huppóttan og skjöldótta. Af grunnlitum eru rauðir litir mest áberandi þó allir litir komi fyrir. Undan Gimsteini geta komið hyrindir gripir.

Gimsteinn verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Fáfnir 13031 frá Eystra-Súlunesi í Melasveit.

F: Birtingur 05043, m: Frigg 333, mf: Soldán 95010

Dætur Fáfnis eru undir meðallagi hvað mjólkurafköst snertir og hlutföll verðefna í mjólk eru um meðallag. Þetta eru meðalstórar og nokkuð háfættar kýr en bolgrunnar og útlögulitlar með beina yfirlínu. Malirnar eru vel gerðar, meðalbreiðar, fremur beinar og flatar. Fótstaðan er bein og ágætlega

gleið. Júgurgerðin er ákaflega góð, mikil júgurfasta, júgrin vel borin og júgurband allgreinilegt. Spenar eru fremur langir, hæfilega þykkir og allvel settir. Mjaltir eru mjög góðar og mjaltagallar fátíðir. Skap er gott en þessar kýr koma meðalvel út í gæðaröðun. Nálægt tveimur þriðju hlutum afkvæma Fáfnis er tvílitur þar sem huppóttur og skjöldóttur koma oftast fyrir. Af grunnlitum eru svartur og rauðir litir algengastir en allir litir koma fyrir. Ekki er þekkt að Fáfni gefi hyrnd afkvæmi.

Fáfni verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Bolli 13041 frá Ytra-Gili í Eyjafirði.

F: Koli 06003, m: Hvilft 389, mf: Þrasi 98052

Dætur Bolla eru mjólkurlagnar en hlutföll verðefna í mjólk eru undir meðallagi. Þetta eru fremur stórar og meðalháfættar kýr, boldýpt og útlögur í meðallagi og yfirlínan nokkuð bein. Malirnar eru grannar, hallandi og þaklaga. Fótstaða er bein, sterkleg og gleið. Júgurgerðin er slök þar sem verulega skortir á festu og júgrin eru illa borin. Spenar eru fremur stuttir og grannir og heldur gleitt settir. Mjaltir eru í góðu meðallagi og mjaltagallar fátíðir. Skapið er gott og þessar kýr koma mjög vel út í gæðaröð. Nálægt tveimur þriðju hlutum afkvæma Bolla er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum. Af grunnlitum er svartur litur algengastur en allir litir koma fyrir. Ekki er þekkt að Bolli gefi hyrnd afkvæmi.

Bolli verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Kjáni 13044 frá Káranesi í Kjós.

F: Máni 03025, m: Flóra 198, mf: Fontur 98027

Dætur Kjána eru mjólkurlagnar og hlutföll verðefna í mjólk eru um meðallag. Þetta eru fremur smáar en háfættar kýr, bolgrunnar með allgóðar útlögur og aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru breiðar, nokkuð beinar og flatar. Fótstaða er góð, bein, sterkleg og gleið. Júgurgerðin er tæpast nógu góð þar sem festa er undir meðallagi, júgurband þokkalegt og júgurdýpt nærri meðallagi. Spenar eru grófir, hæfilega langir en þykkir og fremur gleitt settir. Mjaltir eru slakar og aðeins um seinmjólka kýr í hópnum. Skap þessara kúa er fullmikið og þær koma fremur illa út í gæðaröð. Um einn þriðji afkvæma Kjána er tvílitur og ber mest á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir nema gráir komi fyrir. Undan Kjána geta komið hyrndir gripir.

Kjáni verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Kokkur 13046 frá Vatnsenda í Eyjafirði.

F: Kambur 06022, m: Þerna 436, mf: Kátur 06949

Dætur Kokks eru nokkuð undir meðallagi hvað mjólkurafköst varðar en hlutföll verðefna í mjólk eru há. Þetta eru fremur stórar og háfættar kýr, bolgrunnar og útlögulitlar með beina yfirlínu. Malirnar eru grannar, hallandi og þaklaga. Fótstaðan er góð, sterkleg og gleið. Júgurgerð er afbragðsgóð, mikil festa, júgurband mjög áberandi og júgrin ákaflega vel borin. Spenar eru hæfilega langir, of grannir og heldur gleitt settir. Mjaltir eru frekar góðar en eilítið örlar á sein- og mismjöltum. Skapið er undir meðallagi og röðun kúnna í gæðaröð ber keim af því. Rúmlega helmingur afkvæma Kokks er tvílitur og er huppóttur litur algengastur. Af einlitum eru rauðir og bröndóttir litir algengastir þó allir nema gráir komi fyrir. Ekki er þekkt að Kokkur gefi hyrnd afkvæmi.

Kokkur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Kasper 13047 frá Kúskerpi í Skagafirði.

F: Kambur 06022, m: Rut 532, mf: 1463141-0377

Dætur Kaspers eru í tæpu meðallagi mjólkurlagnar og hlutfall fitu í mjólk er um meðallag en próteinhlutfall mjög lágt. Þetta eru meðalstórar og fremur háfættar kýr, boldjúpar og útlögumiklar með aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru breiðar, eilítið hallandi og flatar. Fótstaðan er aðeins hokin en þokkalega gleið. Júgurgerðin er slök, festa lítil, júgurband ógreinilegt og júgurdýpt mikil. Spenarnir eru grófir, fremur langir og þykkir en vel settir. Mjaltir eru meðalgóðar og lítið um mjaltagalla. Skapið er undir meðallagi en þessar kýr raðast frekar illa í gæðaröð. Nærri helmingur afkvæma Kaspers er tvílitur og ber þar mest á huppóttum lit. Af grunnlitum eru rauðir og kolóttir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Ekki er þekkt að Kasper gefi hyrnd afkvæmi.

Kasper verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Ýmir 13051 frá Klauf í Eyjafirði.

F: Baldi 06010, m: Slóð 692, mf: Laski 00010

Dætur Ýmis eru mjög mjólkurlagnar, hlutfall fitu í mjólk er í meðallagi en próteinhlutfall lágt. Þetta eru meðalstórar og í meðallagi háfættar kýr, bolgrunnar og útlögulitlar með örlítið veika yfirlínu. Malirnar eru fremur grannar, aðeins hallandi og nokkuð flatar. Fótstaða er bein og sterkleg en aðeins þröng. Júgurgerðin er frábær þar sem júgurfesta er gríðarmikil og júgrin sérlega vel borin en júgurband er ekki mjög áberandi. Spenar eru vel gerðir, fremur grannir og stuttir en ákaflega vel settir. Mjaltir eru mjög góðar. Skapið er úrvalsgott og kýrnar koma mjög vel út í gæðaröðun. Um helmingur afkvæma Ýmis er einlitur og ber mesta á rauðum og bröndóttum litum þó öllum litum bregði fyrir. Af tvílitum eru huppóttur og skjöldóttur algengastir. Undan Ými geta komið hyrndir gripir.

Ýmir verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Steri 13057 frá Stóru-Mörk 3 undir Eyjafjöllum.

F: Koli 06003, m: 731, mf: Aðall 02039

Dætur Stera eru geysilegar afurðakýr, mjólkurlagnin er gríðarleg og efnahlutföll í mjólk há. Þetta eru tæplega meðalkýr að stærð, eilítið lágfættar, með meðalboldýpt og útlögur og beina yfirlínu. Malirnar eru aðeins grannar, beinar og aðeins þaklaga. Fótstaða er sterkleg og gleið. Júgurgerðin er meðalgóð, júgurfesta í góðu meðallagi og júgurband mjög áberandi en júgurdýpt nokkur. Spenar eru vel gerðir, hæfilega grannir og stuttir og mjög vel settir. Mjaltir eru undir meðallagi og lítið er um galla þó fyrir komi seinar kýr í mjóltum. Skapið er gott hjá þessum kúm og þær koma í meðallagi vel fyrir í gæðaröðun. Mikill meirihluti afkvæma Stera er einlitur og er svartur litur algengastur grunnlita þó alla liti megi sjá. Af tvílitum kemur huppóttur oftast fyrir sjónir. Undan Stera geta komið hyrndir gripir.

Steri verður tekinn til framhaldsnotkunar sem nautsfaðir.

Strompur 13063 frá Stóru-Reykjum í Flóa.

F: Baugur 05026, m: Aska 458, mf: Drengur 08004

Dætur Stromps eru mjólkurlagnar með hlutföll verðefna í mjólk nærri meðaltali. Þetta eru stórar og fremur háfættar kýr, boldýpt og útlögur í meðallagi og yfirlína sterk. Malirnar eru grannar, hallandi og þaklaga. Fótstaða er nokkuð bein en örlítið þröng. Júgurgerðin er fremur góð, ágæt festa en

júgurdýpt fullmikil. Spenarnir eru stuttir og þykkir en mjög vel settir. Mjaltir eru í tæpu meðallagi og aðeins örlar á seinum mjöltum. Skap þessara kúa er meðalgott sem og röðun í gæðaröð. Mjög mikill meirihluti afkvæma Stromps er tvílitur þar sem mest ber á húfóttum og krossóttum. Af grunnlitum er svartur algengastur en allir litir nema gráir koma fyrir. Undan Strompi geta komið hyrndir gripir.

Strompur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Krani 13067 frá Stóru-Reykjum í Flóa.

F: Víðkunnur 06034, m: Buna 497, mf: Ófeigur 02016

Dætur Krana eru í meðallagi mjólkurlagnar kýr og hlutföll verðefna í mjólk liggja ekki fjarri meðaltali. Þetta eru meðalstórar og meðalháfættar kýr, fremur bolgrunnar, útlögur undir meðallagi en yfirlína sterk. Malirnar eru grannar, beinar og flatar. Fótstaða er sterkleg og gleið. Júgurgerðin er mjög góð, mikil júgurfasta, mjög áberandi júgurband og þau eru mjög vel borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilega langir, aðeins grannir og vel settir. Mjaltir eru góðar en örlírið er um seinar mjaltir. Skapið er í meðallagi hjá þessum kúm og gæðaröðun sömuleiðis. Mikill meirihluti afkvæma Krana er tvílitur þar sem mest er um skjöldóttan lit. Af grunnlitum eru kolóttir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Ekki er þekkt að Krani gefi hyrnd afkvæmi.

Krani verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Pá 13078 frá Skerðingsstöðum í Hvammssveit.

F: Hjarði 06029, m: Dásemd 161, mf: Frami 05034

Dætur Pás eru mjólkurlagnar kýr með hátt fituhlutfall í mjólk en próteinhlutfall um meðallag. Þetta eru fremur smáar og meðalháfættar kýr, boldýpt og útlögur eru í meðallagi en yfirlínan sterk. Malirnar eru meðalbreiðar, hallandi og flatar. Fótstaðan góð, bein, sterkleg og gleið. Júgurgerðin er slök og skortir á júgurfestu, júgurband er meðalsterkt og júgurdýpt er fullmikil. Spenar eru ágætlega gerðir, fremur stuttir, aðeins grannir en mjög gleitt settir. Mjaltir eru slakar og eilítið ber á mismjöltum. Skap þessara kúa er slæmt, nokkuð um skapgallaðar kýr og þær koma illa út í gæðaröð. Mjög mikill meirihluti afkvæma Pás er tvílitur og ber þar mest á bröndóttum litum þó allir litir nema gráir komi fyrir. Af tvílutum er skjöldóttur algengastur. Ekki er þekkt að Pá gefi hyrnd afkvæmi.

Pá verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Móral 13079 frá Litla-Ármóti í Flóa.

F: Víðkunnur 06034, m: Uppgjöf 745, mf: Ófeigur 02016

Dætur Mórala eru ekki mjólkurlagnar kýr og efnahlutföll eru um eða yfir meðallagi. Hlutfall fitu nokkuð yfir en hlutfall próteins rétt um meðallag. Þetta eru fremur smáar og meðalháfættar kýr, bolgrunnar og útlögulitlar með beina yfirlínu. Malirnar eru grannar, hallandi en nokkuð flatar. Fótstaða er sterkleg, bein og gleið. Júgurgerðin er frábær, geysimikil festa, júgurband mjög áberandi og júgrin einstaklega vel borin. Spenar eru stuttir og grannir auk þess að vera mjög vel settir. Mjaltir þessara kúa eru góðar og gallar í mjöltum koma vart fyrir. Skapið er gott og kýrnar koma meðalvel fyrir í gæðaröðun. Um helmingur afkvæma Mórala er einlitur og ber mest á rauðum og bröndóttum litum þó allir grunnlitir komi fyrir. Af tvílutum er skjöldóttur algengastur. Ekki er þekkt að Móral gefi hyrnd afkvæmi.

Móral verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Straumur 13082 frá Dæli í Fnjóskadal.

F: Víðkunnur 06034, m: Kápa 556, mf: Ófeigur 02016

Dætur Straums eru vart meðalkýr hvað mjólkurafköst snertir en hlutfall verðefna í mjólk er hátt. Þetta eru meðalstórar og meðalháfættar kýr með boldýpt og útlögur í tæpu meðallagi en beina yfirlínu. Malirnar eru grannar, nokkuð beinar og flatar. Fótstaðan er sterkleg og gleið. Júgurgerðin er úrvalsgóð, júgurfasta mikil, júgurband greinilegt og júgrin vel borin. Spenar eru hæfilega langir, grannir en vel settir. Mjaltir eru fremur góðar og lítið ber á mjaltagöllum. Skapið er gott og þessar kýr koma vel fyrir í gæðaröðun. Mikill meirihluti afkvæma Straums er tvílitur og þar ber mest á skjöldóttum lit. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir komi fyrir. Ekki er þekkt að Straumur gefi hyrnd afkvæmi.

Straumur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Jöfur 13083 frá Seljavöllum í Hornafirði.

F: Hjarði 06029, m: Kóróna 374, mf: Laski 00010

Dætur Jöfurs eru fremur mjólkurlagnar kýr og hlutfall verðefna í mjólk er um og yfir meðallagi. Þetta eru meðalstórar og meðalháfættar kýr, frekar bolgrunnar en nokkuð útlögugóðar með veika yfirlínu. Malir eru frekar breiðar, beinar og flatar. Fótstaðan er góð, bein og gleið. Júgurgerðin er meðalgóð þar sem júgurfasta, júgurband og júgurdýpt liggja mjög nærri meðaltali. Spenar eru stuttir, fremur grannir og vel settir. Mjaltir eru afleitar án þess þó að mikið sé um mjaltagalla. Skapið er gott og röðun í gæðaröð nærri meðallagi. Meirihluti afkvæmanna ber tvílit og er skjöldóttur algengastur lita. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Ekki er þekkt að Jöfur gefi hyrnd afkvæmi.

Jöfur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Lurkur 13084 frá Torfum í Eyjafirði.

F: Kambur 06022, m: Ófeig 638, mf: Ófeigur 02016

Dætur Lurks eru mjólkurlagnar kýr með góð efnahlutföll í mjólk. Þetta eru fremur smáar kýr, í góðu meðallagi háfættar, boldýpt er í meðallagi, útlögur fremur litlar en yfirlína bein. Malirnar eru frekar grannar en nokkuð beinar og flatar. Fótstaða er bein, sterkleg og gleið. Júgurgerðin er mjög góð, júgurfasta mikil og júgrin vel borin með sérlega áberandi júgurband. Spenar eru vel gerðir, hæfilega langir, aðeins grannir og nokkuð vel settir. Mjaltir eru góðar sem og skap þessara kúa. Um helmingur afkvæma Lurks er tvílitur þar sem mest ber á sokkóttum. Af grunnlitum eru bröndóttir og kolóttir litir algengastir þó allir nema gráir komi fyrir. Undan Lurki geta komið hyrindir gripir.

Lurkur verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Dans 13087 frá Brúnastöðum í Flóa.

F: Hjarði 06029, m: Gleði 360, mf: Stígur 97010

Dætur Dans eru í meðallagi mjólkurlagnar kýr en hlutfall verðefna í mjólk er fremur hátt, sérstaklega hlutfall próteins. Þetta eru meðalstórar og meðalháfættar kýr, boldýpt og útlögur í meðallagi en yfirlína aðeins veik. Malirnar eru meðalbreiðar, aðeins hallandi og þaklaga. Fótstaða er sterkleg, bein og gleið. Júgurgerðin er mjög góð, góð festa, áberandi júgurband og júgrin ákaflega vel borin. Spenar

eru vel gerðir, stuttir og grannir og meðalvel settir. Mjaltir eru undir meðallagi en ekki ber mikið á mjaltagöllum. Skap þessara kúa er í meðallagi en þær koma vel út í gæðaröð. Um helmingur afkvæma Dans er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum lit. Af grunnlitum koma rauðir litir oftast fyrir þó allir litir finnast. Ekki er þekkt að Dans gefi hyrnd afkvæmi.

Dans verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Aladín 13088 frá Reykjum á Skeiðum.

F: Baldi 06010, m: Jasmín 668, mf: Flói 02029

Dætur Aladíns eru mjólkurlagnar en efnahlutföll eru nálægt meðallagi. Þetta eru tæplega meðalkýr að stærð, meðalháfættar, bolgrunnar og útlögulitlar með aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru mjög grannar, beinar og þaklaga. Fótstaða er bein og sterkleg. Júgurgerðin er mjög góð, mikil festa, júgurband áberandi og júgrin vel borin. Spenar eru vel gerðir, eilítið grannir, hæfilega langir og vel settir. Mjaltir þessara kúa eru góðar og gallar í mjöltum fátíðir. Skapið er undir meðallagi sem og röðun í gæðaröð. Mjög mikill meirihluti afkvæma Aladíns er tvílitur og er skjöldóttur algengastur. Af grunnlitum ber mest á rauðum litum þó allir litir nema gráir komi fyrir. Ekki er þekkt að Aladín gefi hyrnd afkvæmi.

Aladín verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.